

SKÝRSLA FORMANNS Á AÐALFUNDI HOLTA – OG HLÍÐAHVERFIS 28.3.2007

Stjórn hverfisnefndar Holta – og Hlíðahverfis hefur verið skipuð undanfarið ár af eftirtölum aðilum. Jón Heiðar Daðason formaður, Sigurjón Magnússon ritari, Valdimar Pálsson, Magna Guðmundsdóttir og Helga Aðalgeirsdóttir. Í varastjórn hafa setið Jórunn Jóhannesdóttir, Stefanía Dögg Vilmundardóttir og Eiríkur Jónsson. Er þeim þakkað ánægjulegt samstarf á þessum tíma en stjórnin mun verða óbreytt næsta árið þar sem þessir aðilar eru kjörnir til tveggja ára. Stjórnin hefur haldið 10 stjórnarfundum á starfsárinu. Auk þess hafur einn opinn íbúafundur verið haldinn og samráðsfundir með öðrum hverfisnefndum. Á opna fundinum mættu 20 manns utan stjórnar. Jón Birgir Gunnlaugsson verkefnastjóri hjá framkvæmdadeild Akureyrarbæjar hélt kynningu um gangstíga og opin svæði í hverfinu og urðu líflugar umræður á fundinum um skipulags og umferðarmál í hverfinu. Að fundi loknum var gengið niður Glerárgilið undir leiðsögn Póreyjar Ketilsdóttur og Sverris Thorstensen og endað í kleinukaffi í Kristjáns bakarí. Aðal umfjöllunarefni stjórnar hafa verið skipulags og umferðarmál í hverfinu og hafa verið send erindi til bæjarins vegna nokkurra mála sem fjallað hafa um athugamsemdir við aðalskipulag, hraðahindranir og gönguleiðir svo sem undirgöng undir Hörgárbraut. Stjórnin hefur fengið til sín á fundi starfsmenn Akureyrarbæjar til að upplýsa um fyrirhugaðar framkvæmdir svo sem endurgerð á lóð í Glerárskóla þegar Guðríður Friðriksdóttir framkvæmdastjóri Fasteigna Akureyrar og Einar Jóhannsson verkefnastjóri komu á fund. Einnig kom Tómas Björn Hauksson frá Akureyrarbæ vegna erindis um hraðahindranir í hverfinu s.s. á Skarðshlíð. Fram kom hjá Tómasi að verið væri að vinna að tillögu þess efnis að gera allar íbúagötur í bænum að 30 km götum. Hefur verið skylað skýrslu til bæjarins með tillögum en okkur ekki borist þær. Í óformlegu samtali formanns við Tómas hefur komið fram að gert sé ráð fyrir 6 hraðahindrunum til viðbótar við þær 3 sem fyrir eru á Skarðshlíð og tveimur þrengingum auk þess sem 30 km merkingar yrðu massaðar í götun sjálfa með jöfnu millibili og sérstök gangbrautarkerki yrðu sett upp.

Á næstunni er áformað að hverfisnefnd verði kynnt tillaga að skipulagi byggingarreitsins sem markast af Undirhlíð, Langholti, Miðholti og Krossanesbraut.

Í febrúar kom Brynjar Davíðsson verslunarstjóri Bónus á Akureyri á fund til stjórnar vegna ónæðis sem íbúar í grend við Bónus höfðu orðið fyrir vegna vörulosunar við verslunina. Fram kom hjá Brynjari að vörulosun færi aðallega fram á tímabilinu kl 21:00 til 23:00 og að píphljóð á lyftara hafi verið aftengt. Stjórn hefur sett sér starfsreglur sem hér á fundinum verða lagðar fram til samþykktar og einnig er í undirbúningi að halda vorhátíð í hverfinu en dagsetning hennar er ekki ákveðin.

Störf nefndarinnar hafa markast að vissu leiti á því að þetta er fyrsta starfsár hennar og má þar nefna samskipti við Akureyrarbæ. Aðgengi að nefndum hefur batnað á tímabilinu og nefna má að stjórnsýslunefnd er farin að leggja fram

fundargerðir hverfisnefnda í bænum til kynningar og ákveðið er að formenn hverfisnefnda hitti stórnáslunefndina a.m.k. einu sinni á ári. Benda má á að hægt er að setja sig í samband við hverfisnefndina en upplýsingar um hana er að finna á akureyri.is/stjornkerfi/hverfisnefndir. Hægt er að senda tölvupóst á alla nefndarmenn með því að senda póst á hliðholt@akureyri.is

Jón Heiða Daðason